

Námsgæði:

Aftur upp á yfirborðið (fyrsti hluti Avatarnámsins) og Avatar var sett fram árið 1987 af kennslusálfræðingnum Harry Palmer. Meira en 50.000 einstaklingar hafa lokið Avatarnámskeiði í yfir 60 löndum með undraverðum árangri. Kennarar á námskeiðum hafa réttindi til kennslu frá Star's Edge® International og hafa hlotið þjálfun í kennslu einstaklinga og hópa.

Umsagnir um Aftur upp á yfirborðið:

„Styrkur *Aftur upp á yfirborðið* námsins liggur í einfaldleika þess, þeirri staðreynd að námið er sniðið að þörfum hvers og eins og að eftir aðeins eins eða tveggja daga námskeið geta þátttakendur, fjölskyldur þeirra og samstarfsaðilar séð veigamiklar breytingar.“

Bill M., Framkvæmdastjóri Blue Star (Busines Suply Group)
Nýja Sjáland

„. . . Ég er glaðari - finn fyrir frelsi. *Aftur upp á yfirborðið* og hin öfluga framsetning þess kenndi mér að sleppa takmarkandi viðhorfum og fíknum. Það hefur hjálpað mér til að komast í snertingu við mannúðina í sjálfum mér.“

„. . . Með innsæi sem ég lærði á námskeiðinu get ég nú tekið áhrifaríkar ákvarðanir án þess að taka tíma frá samstarfsaðilum mínum. . . . Nú skapa ég umhverfi sem hvetur starfsfélaga mína til að framkvæma á skapandi hátt og af aukinni bjartsýni.“

Elisabeth E., Framkvæmdastjóri NW Division
GTE, USA.

„Avatar færði okkur verkfæri sem hjálpuðu okkur til að ná hámarksárangri. Í þau þrjú ár sem liðin eru síðan við fórum í gegnum Avatarnámskeiðið hefur fjöldi sjónvarpsstöðva sem eiga í viðskiptum við fréttapjónustu okkar meira en tvöfaldaast. Það er ekki síður mikilvægt hvernig andrúmsloftið á skrifstofunni hefur breyst frá því að vera þungt og spennuþrungið í það að vera létt og takmarkalaust. Við hefðum auðveldlega borgað ráðgjafa tuttugufalda þá upphæð sem Avatar kostaði, aðeins fyrir loforð um að við næðum þessum árangri.“

Betty B., Forstjóri CEO
Ivanho Broadcast news, USA

ReSurfacing®, Avatar® og Thoughtstorm® eru skrásett merki Star's Edge International.

Aftur upp á yfirborðið



Vendipunktur

www.avatar.is

Næsta skref í þjálfun og þróun



Vendipunktur

Aðlögun að síbreytilegri veröld er ein af vandasamari áskorunum sem fyrirtæki og félagsamtök standa frammi fyrir á þeirri samkeppnisfullu upplýsingaöld sem við lifum á. Hraði þróunar og breytinga í fyrirtækjum og stofnunum eykst í sífellu og er nú meiri en hefðbundnir stjórnunarhættir ráða við.

Til að ná árangri í svo ágengu hagkerfi þurfa fyrirtæki að gera meira en að halda í við hina síbreytilegu þróun. - Þau þurfa að vera skrefi á undan henni. Geta til þess að vera fyrri til og bregðast við breytingum er lykiltríði í stjórnun eigi hún að skila árangri. Þessi geta er nauðsynleg eigi að leggja áherslu á uppbyggingu og þróun fyrirtækisins. Hvati til náms, þátttöku, nýsköpunar og áhættu byggir á því að lítið sé út fyrir hefðbundna nálgun. Áætlanir verða að gera meira en miða að jákvæðum þankagangi, meginreglum og gildismati. Reynslunám sem býður stjórnendum og almennu starfsfólki hagnýt verkfæri sem hægt er að nota í starfi hversdagsins er næsta skref í þjálfunar- og þróunarferlinu.

Aftur upp á yfirborðið er vendipunktur. Námskeið sem miðar að þróunarferli sem getur svarað kröfum um að ná utan um viðskiptaumhverfi sem er í sífelldri þróun. Það miðar að þjálfun einstaklingsins með upplifunartengdu námi þar sem skoðaður er grunnur mannlegra samskipta, hegðunar og frammistöðu - viðhorfin. Með því að ná valdi á viðhorfum sínum getur einstaklingurinn sigrast á takmörkunum sem hindra árangur hans í viðskiptum. Þessi nýstárlega nálgun eykur ánægju og árangur starfsfólks og stjórnenda. Eykur aðlögunarhæfni sem síðan skilar sér í eflingu alls fyrirtækisins eða stofnunarinnar.

Þátttakendur fá leiðbeiningar um notkun fjölda æfinga sem auka innsæi og starfshæfni á eftirtöldum sviðum:



Þjálfun leiðtogahæfileika:

- Uppgötva og ná tökum á viðhorfum sem hamla frammistöðu og árangri.
- Setja sér hvetjandi markmið sem samræma einkalíf og starfsárangur.
- Auka skapandi hugsun með innsæi og athyglisstýringu.
- Auka áræðni og getu til að takast á við afleiðingar eigin ákvarðana.
- Draga úr streitu og auka afköst með fjölbreyttari sjónarmiðum og aukinni getu til að beina athyglinni að tilætluðum árangri.
- Auka getu til að fara ótroðnar slóðir og aðlaga sig breyttum aðstæðum með auknum sjálfsstyrk og ætlunum.
- Öðlast frjálsa athygli og getu til að takast á við margþætt verkefni undir álagi.

Samskiptaþjálfun:

- Draga úr spennu með aukinni víðsýni. Hætta á árekstrum minnkar.
- Hlúa að og gera hugsjónir og ætlunarverk fyrirtækisins sýnilegri.
- Hlusta af aukinni athygli og meiri skilningi.
- Þekkja viðvaranir um sjálfsblekkingu svo hægt sé að samræma markmið og framkvæmd.
- Gefa skýr skilaboð á mannúðlegan hátt.
- Draga úr uppnámi og stefna að betri frammistöðu.

Þróun viðskiptasambanda:

Til að takast á við vel upplýsta og kröfuharða viðskiptavinum munu nemendur öðlast aukna getu til að:

- Færa sjónarmið frá persónulegum ávinningi yfir í „beggja hag“, bæði fyrirtækis og viðskiptavina.
- Þekkja þarfir og sjónarmið viðskiptavinarins með aukinni eftirtekt í samskiptum.
- Taka á áhyggjum eða kvörtunum viðskiptamanna með aukinni innsýn, samkennd og skýrari samskiptum.
- Inna af hendi þjónustu/vöru af ráðvæðni og ábyrgð á tilsettum tíma.
- Láta af fordómum gagnvart framkomu og hegðun viðskiptavina, sem hindra árangursrík samskipti.

Þjálfun samvinnu:

Þau samtök / fyrirtæki sem ná árangri á 21. öldinni byggja á starfssömum og sameinuðum liðsanda. Þátttakendur á námskeiðinu læra:

- Að leysa úr hópvandamálum með aðferð sem við köllum „Hugagust“.
- Sameina sjónarmið og hæfileika margra einstaklinga.
- Auka sköpunargáfu einstaklingsins með starfsmögnun og samvinnu sem miðar að úrlausnum.